

tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. svo og reglugerð nr. 52/1984 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

**um að jörðin Auðsholt II í Biskupstungnahreppi skuli framvegis
tilheyra Hrunamannahreppi.**

Samkvæmt beiðni eigenda jarðarinnar Auðsholts II í Biskupstungnahreppi og að fengnu samþykki hreppsnefnda Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps og meðmælum sýslunefndar Árnessýslu, vill ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 tilkynna eftirfarandi:

Jörðin Auðsholt II í Biskupstungnahreppi skal hér eftir tilheyra Hrunamannahreppi og skulu hin nýja hreppamörk milli Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps vera í samræmi við landskiptagerð Auðsholtsjarða frá 9. júlí 1957, sbr. breytingu á henni 27. ágúst 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.